



## Þroski 10 mánaða barns

### Grófhreyfingar

Ruggar sér á fjórum fótum.

Skríður á fjórum fótum fram og aftur.

Togar sig á fætur með því að taka í húsgögn.

Tekur skref á staðnum og til hliðar.

Gengur með.



### Fínhreyfingar

Potar í smáhluti með vísifingri. „Ryksugar“ upp í sig allt það smæsta sem á vegi þess verður.

Tekur smáhluti upp með „skæragripi“ (vísifingri-þumli, fremstu kjúkur).

Virðist bera saman tvo kubba sem það heldur á.

### Sjálfhjálp

Hjálpar til við að klæða sig, réttir út arma í ermar og fætur í skó.

### Samskipti og leikur

Klappar saman lófunum, hermir „bless“, „hver er týndur“?

Endurtekur það sem hlegið er að. Byrjar að skilja hrós.

Tekur kubb úr dollu, setur ofan í.

Lyftir loki af dós þegar búið er að sýna það.

Danglar hring í bandi.

### Málþroski

Skilur „nei“.

Mama, babba.

Skilur „hvar er pabbi/mamma“, „hvar er ljósið“?

Réttir fram kubb án þess að sleppa, þegar sagt er „takk“.